



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 98. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 26. september 2011 kl. 15:00 í húsakynnum Mannvits.

Mættir: Jakob S. Friðriksson, formaður, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Haustfundur 2011.

Áfram rætt um hugsanleg umfjöllunarefni haustfundar JHFÍ. Ákveðið að fjalla um sérstöðu íslensks jarðhitaíðnaðar. Rætt um nokkur erindi en BP tekur saman drög að dagskrá. MÓ kannar með Orkugarð en stefnt er á að fundurinn verði haldinn þar þriðjudaginn 6. desember kl. 13:30-16:00.

3. Erindi til forsætisráðherra.

Rætt um drög að ítrekunarbréfi til forsætisráðherra, þar sem hún er hvött til að beita sér fyrir endurskoðun á flóknu regluumhverfi jarðhitanytingar, en engin viðbrögð hafa borist við slíku erindi sem sent var í ágúst 2010. Formaður og ritari ganga frá bréfinu og senda.

5. Stofnun Jarðhitafélags Norður Evrópu.

Ritari hefur verið í sambandi við aðstandendur hins nýja félags og stjórn JHFÍ fylgist áfram með þróun mála, þótt JHFÍ hafi ekki tengst stofnfundi JHNE.

6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur mánudaginn 7. nóvember kl. 15:00, í húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 16:10. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
